

# Norðurgata 2b (bakhús) Akureyri

Félaginu hefur boðist að leigja út til félaga lítið fallegt bakhús á besta stað á Akureyri.

Útleiga fer fram á skrifstofu félagsins en umsóknareyðublöð eru á [www.fih.is](http://www.fih.is).  
Einungis er leigt út viku í senn, frá föstudagi kl 17:00 til föstudags 12:00.  
Gestir verða að vera farnir ekki seinna en klukkan 13:00 á föstudagi.

Saga hússins.

Þetta látlusa hús á sér mikla sögu og hefur hýst ýmsa starfsemi en í bók Guðnýjar Gerðar og Hjörleifs um Oddeyrina segir að húsið hafi reist Sófaníás Baldvinsson árið 1911. Hvort húsið var reist sem íbúðarhús eða undir aðra starfsemi fylgir ekki sögunni en húsið er einlyft steinsteypuhús með háu portbyggðu og tiltölulega aflíðandi risi. Þverpóstar eru í gluggum og bakanil er húsið samþyggt ýmsum seinni tíma skúrbyggingum. Líklegt gæti einnig verið að húsið hafi verið reist sem gripahús en þarna hafa verið hýstir hestar og ýmsar skepnur. Mörg ártöl eru á hraðbergi um betta hús en ýmis starfsemi hefur verið í þessu húsi auk þess sem það hefur búið í því. Þarna var lengi vel reykhús og þetta mun einnig vera fyrsta aðsetur Ríkisútvarpsins á Akureyri en útvarpið keypti húsið 1979 og hafði þarna hljóðver um nokkurt árabil og kallaðist húsið þá [Hljóðhúsið](#). Lionshreyfingin hafði þarna aðsetur um nokkurt árabil þar til framyfir 2000 og var húsið þá notað til funda og samkomuhalds. Húsið er í góðu standi og lætur ekki mikið yfir sér og ekki áberandi í götumynd Norðurgötunnar en er engu að síður stórmerkilegt og skemmtilegt hús.

(tekið af bloggsíðu Arnórs Blika Hallmundarsonar)

Húsið er tæplega 170 fm að stærð á 2 hæðum. Enginn garður fylgir húsi, en 33 fm pallur/þaksvalir eru út úr eldhúsi á efri hæð.

## 3 svefnherbergi eru í húsinu:

Herb. 1 (neðri hæð) er ca 25 fm með 3 rúnum: tvö 153x200cm og 80x200cm.

Herb. 2 (uppi) er lítið undir súð með 1 rúmi: 160X200cm

Herb. 3 (uppi) er lítið undir súð með 1 rúmi: 160x200cm.

Einnig er ferðarárum í geymslu sem er 125 cm að lengd.

Vinsamlega athugið að ekki er örbylgjuofn í húsinu.

Tvö salerni eru, en annað er með sturtu. Hárþurrka er á wc á efri hæð. Sjálfvirk kaffivél fyrir kaffibaunir í eldhúsi, einnig er venjuleg kaffivél.

Lítill frystiskápur er í geymslu undir stiga. Þvottavél og þurrkari í þvottakompu.

Gaseldavél í eldhúsinu og ísskápur ásamt upphvottavél

Rætidót, straujárn og borð er í geymslunni við hlið salernis á neðri hæð.

Best er að sækja vatn í skúringafötum í þvottahúsinu í herberginu á neðri hæð.

Sjónvörp eru í tveimur herbergjum og stofu. Eitt apple TV á svæðinu.

Það er góð internettenging í húsinu

Gólfhitri í stofu: rofinn er inni í svefnherbergi á neðri hæð.

Gasgrill er úti á palli. Auka gaskútur fyrir grill eða eldhús er í geymslu á neðri hæð. Til að komast að eldhúsgasi þarf að fara í gegnum litla hurð í norður herberginu á efri hæðinni.

Bílastæði eru hinumegin við götuna á móti húsinu.

Ekki má leggja bílum í innkeyrslunni við húsið, þar sem nágranni okkar á þau stæði.

**Gestir þurfa að koma með**

Handklæði, borðtuskur, viskastykki ásamt öllu á rúmin.

Gæludýr eru ekki leyfð

**Gestir eru beðnir um að ganga vel um húsið, þrífa að dvöl lokinni og skilja við það í góðu ástandi.**